

Nd.

541. Nefndarállt

nm frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipnn barnakennara og laun þeirra.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum nm afgreiðslu þessa frv.

Það skal viðurkent, að ósamræmi er í fjárframlögum rikissjóðs til farskóla og fastra skóla. Þetta ósamræmi vill meiri hlutinn leiðrjetta á þann hátt, að hækka lannin og greiða launahækkunina úr rikissjóði. Þetta er að vísu handhæg leið — á pappírnm —, en jeg get ekki fallist á, að þessi launahækkun sje rjettmæt.

Byrjunarlaun farskólakennara eru með 40% dýrtiðaruppbót kr. 420.00, auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónnstu þá 6 mán. ársins, sem skól-

inn stendur. Auk þess er aldursuppbót eftir þjónustualdri 50 kr. 3. hvert ár, upp að 300 kr. auk dýrtíðaruppbótar, svo launin geta samtals orðið 840 kr. Ef frv. yrði að lögum, bættist við þessi laun 200 kr. + dýrtíðaruppbót 80 kr., eða 280 kr., og yrðu þá launin alls 1120 kr., en útgjaldaaukinn myndi nema alls fyrir ríkissjóð 35 þús. kr.

Það er vitanlegt, að endurskoðun launalaganna hlýtur að fara fram innan mjög skamms tíma. Og jeg get ekki sjeð, að kennarar sjeu þeim órjetti beittir, að nauðsynlegt sje að taka þá út úr. Enda yrði endurskoðun á launum þeirra samt sem áður að fara fram. Legg jeg því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 4. maí 1929.

Hannes Jónsson.